

## Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 103/2013

2013/EES/56/20

frá 4. febrúar 2013

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 786/2007 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir blöndu með endó-1,4-β-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) ChemGen Corp. hefur lagt fram umsókn skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem óskað er eftir breytingu á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 786/2007<sup>(2)</sup> um leyfi til 10 ára fyrir blöndu með endó-1,4-beta-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og í virka hópnum „meltingarbættandi efni“.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að frá og með 10. febrúar 2012 hafi ChemGen Corp. verið yfirtekið af Eli Lilly and Company Ltd. sem nú á markaðssetningarréttinn fyrir þetta aukefni. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

- 4) Til að gera Eli Lilly and Company Ltd. kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 786/2007 til samræmis við það.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunni sem er gerð á reglugerð (EB) nr. 768/2007 með þessari reglugerð af öryggisástæðum, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

## 1. gr.

Í stað orðanna „ChemGen Corp., sem Disproquima S.L. er umboðsaðili fyrir“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 786/2007 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd.“.

## 2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppnar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 8.